

## Samráðsgátt stjórnvalda

Matvælaráðuneytið



22. mars 2023

*Umsögn frá grásleppunefnd LS við drög að frumvarpi um breytingu á lögum um stjórn fiskveiðar og um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands (veiðistjórn grásleppu).*

Mál nr. 67/2023

Ef til kvótasetningar á gásleppu kemur leggur grásleppunefnd LS til eftirfarandi breytingar á frumvarpsdrögum:

1. Að ekki verði hróflað við stærðarhámörkum grásleppuveiðibáta. Aflahlutdeild og flutningur aflamarks verði takmarkað við báta 15 brt og minni. Mikilvægt er að gæta þess vel að stærri skip hrifsi ekki til sín grásleppuheimildir.
2. Vegna sérstöðu grásleppuveiða er nauðsynlegt að aflétta veiðiskyldu sem er í lögum um stjórn fiskveiða. Markaðir eru afar viðkvæmir og miklar sveiflur í verðum og veiðum. Veiðiskylda gæti skapað mikið ójafnvægi.
3. Að takmarkanir á fjölda neta og veiðitímabil verði óbreytt.
4. Svæðaskiptingu verði breytt. Svæði sameinuð í eitt, annars vegar A og G og hins vegar B og C til að fá jafnari stærð svæða. Svæðin verði 5 í stað 7. Við skoðun á veiðireynslu [2014-2019] telur nefndin þetta óhjákvæmilega breytingu.



5. Á árinu 2017 var dögum fjölgað eftir að á sjötta tug báta hafði lokið vertíðinni. Aflareynsla þeirra var því skert og af þeim sökum ástæða til að taka tillit til þess við útreikning aflahlutdeildar samkvæmt fjölda daga á sjó.
6. Eitt ár á tímabilinu 2020-2022 verði til viðmiðunar fyrir nýliðunarkvóta. Aflareynsla á árinu 2020 verði leiðrétt þar sem veiðar voru stöðvaðar frá og með 4. maí, uppreiknað samkvæmt fjölda daga á sjó.
7. Árið 2023 verði ekki undir neinum kringumstæðum notað til viðmiðunar fyrir aflareynslu. Gæti haft í för með sér mikið kapphlaup til að afla sér viðmiðunar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

*Grásleppunefnd LS: Kári Borgar Ásgrímsson, Hafþór Jónsson,  
Hjálmar Höskuldur Hjálmarsson,  
Ríkhartó Lúðvíksson, Bæring Gunnarsson.*